

Verknúmer 12023	Verkkaupi Langanesbyggð
Dagsetning 25.06.2025	Verkpáttur Staðfest mygla -Tillögur að næstu skrefum
Unnið af Almar	Staðsetning / Lýsing Langanesvegur 20, 680 Þórshöfn Grunnskóli Langnesbyggðar
Tengiliður Björn S. Lárusson	Dreifing: Langanesbyggð

1. Vegna

Grunnskóli Þórshafnar steinsteypt hús á einni hæð, byggt 1944 – 1996.

Um ræðir skoðun á MHL 03 0101, skráð byggingarár 1971.

Minnisblað þetta er í framhaldi af minnisblaði 02 dags 23.05.2025 og eftir að niðurstöður lágu fyrir frá 3 sýnatöku.

2. Sýnataka 3 dags 13. Júní 2025

Ákveðið eftir niðurstöður sýnatöku tvö að taka víðar sýni, þ.e. um allan skólann. Alls voru tekin 36 sýni, í öllum stöfum að frátaldri smíðastofunni, en þar er bara steingólf. Öll sýni eru tekin úr gólfefnum, flest úr gólfduík.

3. Niðurstaða mygla.

- 5 mygluð sýni
 - 3 menguð sýni, lítilsháttar mygla
- Alls eða í heildina hafa verið tekin 66 sýni.
- 17 mygluð sýni (öll gólfduíkssýni)
 - 5 menguð sýni, lítilsháttar mygla

4. Rými sem ekki er búið að greina myglu í.

- Vestari kennslustofa í skúr að sunnan
- Náttúrufræðistofa
- Sérkennsla (minni stofa)
- Skrifstofa (suðurálma)
- Listastofa
- Skólastjóri
- Geymsluloft yfir gangi (suður álma)

5. Rými sem ekki hafa verið tekin sýni.

- Fjölvinnustofa / smíðastofa / leirbrennsla (ekki tekin þar)
- Hitakompa
- Vindfang

- Önnur rými sem ekki hafa verið talin upp hér, loft, þakrými eða þessháttar.

6. Rakamælingar.

Raki mælist mjög víða yfir mörkum, sjá merkingar á yfirlitsmynd. Gildi á rakamæli fór lægst í 2,1. Þar sem gildi fór yfir 2,5 er merkt R á teikningu. Það er víðast hvað á gangi og holi við inngang og allt svæðið þar fyrir norðan. Minnstur raki mældist í vestur hluta norður álmu. Hæðst fór gildið á rakamæli í 5,1 á snyrtingu við sýni 51 (ekki greinist mygla í sýni) næst hæðst fór gildi í 4,1 í holi rétt sunnan við inngang.

7. Niðurstaða skoðana:

Ljóst er að mikil mygla greinist í mörgum sýnum. 1/3 af öllum teknum sýnum eru sýkt eða alls 22 af 66.

Raki mælist mjög víða, sérstaklega norður hluti frá inngang, hol, gangar og stofur.

8. Yfirlitsmynd



9. Gagnasöfnun.

Gerðar hafa verið fyrirspurnir og leitað eftir teiknum sérstaklega af vatnslögnum og fráveitu. Leitin hefur engan árangur borið, leitað hjá Langesbyggð, Byggingarfulltrúa Norðurbings og þjóðskrá eða HMS.

Einnig hafa verið gerðar fyrirspurnir um verklýsingar og verkeikningar vegna endurbóta 2016. Sú leit bað heldur engan árangur. Aðeins fengust yfirlitsmyndir og reikningur vegna gólfefna.

10.1.0 Tillaga að næstu skrefum.

1. Kortleggja allar lagnir eins og hægt er.
 - a. Mynda fráveitulagnir (skólp)
 - b. Setja þrýsting á neysluvatn og hitakerfi. Sjá hvort að kerfin haldi þrýsting. Ef það gerist ekki að þá er það merki um leka einhversstaðar. Við erum að leita eftir leka undir gólfi.
2. Hvert fer regnvatn frá t.d. þaki
 - a. Er regnvatn tengt fráveitukerfi ?
 - i. Ef svo er hvert er liggja þær lagnir
 - ii. Mynda lagnir
3. Sökkjar
 - a. Hvernig er gengið frá sökklum
 - b. Eru jarðvatnslagnir umhverfis húsið ?
4. Kanna grunnvatnstöðu.
 - a. Grafa a.m.k. 3 holur umhverfis skólann
 - b. Dýpi hola 2-3m

11. Þegar búið er að skoða lið 10.1.0 (1-4) og svara spurningum

1. Verður skólahald í húsinu n.k. vetur 2025-2026 ?
2. Ramma inn / gera áætlun um hversu langt á að ganga í rifum og endurgerð.
3. Gera kostnaðaráætlun á áætlaðar framkvæmdir
4. Teikna upp / ramma inn rif og endurbyggingu
5. Gera útboðsgögn
6. Þjóða verkið út

12. Húsnæðið og kennsla.

Skv. Leiðbeiningum frá NÍ er ekki ráðlagt að kennsla eða önnur starfsemi sé í þeim rýmum sem eru sýkt og á það nú við um allan skólann, þó ekki hafi greinst í nokkrum rýmum.

Ljóst er að meta þarf og fara vel yfir hvað á að gera og hversu langt á að ganga (sjá lið 11)

Lagt er til að settur verði saman samstarfshóp með ráðgjafa sem vinnur út frá tillögum hér að ofan (liður 10 og 11)

13. Önnur gögn (send með í tölvupósti).

- Niðurstöður sýnatöku III (Langanesvegur 20 - sýnataka 3.pdf)